

Ég veit ekki hvort það er barnatrú, eða einhver bábilja sem kemur því inn hjá manni, að haustsýning FÍM eigi að gefa þverskurð af því sem er að gerast í listinni á hverjum tíma. Einhvern veginn virðist manni það vera kjörið tækifæri til að senda tilraunir og nýjar stefnur inn í hús á þessum tíma, því kyrrstaða má aldrei vera í listum til langframa. Listin á að vera síung og þarf því endurnýjunar við.

Ef ég fer ekki rangt með, þá var haustsýning FÍM í fyrra innanfélagsmót nokkurra manna og kvenna, þröngur hópur félagsmanna hengdi upp litlar myndir í húsakynnum FÍM á Laugarnesveginum. Það var indal sýning, ef ég man rétt, en ekki máttug, því þar var hvorki fjölflefi fyrir að fara, né heldur nýjungum.

Listpólitísk átök stóðu þá yfir, en nú er logn á jörðu og sambúð listamanna við Kjarvalsstaði að mestu komin í lag.

árlega hafnar tugum virkra myndlistarmanna og meinar þeim aðgang að félaginu, oft árum saman, þótt þeir uppfylli öll skilyrði önnur en sérvitringanna?

Þarna verður félagið af miklum tekjum og félagið verður veikara en ella.

Það er að visu örðugt að gera samanburð aftur í tímann, en meðan „gömlu mennirnir“ stjórnuðu FÍM og ráku Listamannaskálann var hagur fé-

að ein tækni yfirfærast í aðra, að þegar t.d. málari hefur málað með vatnslitum, eða pastel lengi, þá yfirfærast tækni vatnslita og kitar yfir í ollumálverk, fyrst um sinn a.m.k. En ég verð hreinlega að játa, að mér er ekki alveg ljóst hvert Eiríkur stefnir nú. Það verður framhaldið að leiða í ljós. Þetta kann að virðast veikt útspil, en kann þó að boba nokkur tíðindi hjá þessum ágæta myndlistarmanni.

Guðmundur Björgvinsson eykur við finleika tækninnar, en vantar ennþá kjörsvið, til aðgreiningar frá öðrum.

Myndir Guðmundar Armanns Sigurjónssonar minna dálítið á kinverska list, eða socialrealisma. Hann er með myndir úr plötu og ketilsmíði. Það hefur ekki verið mál- að mikið af iðnaðarmönnum hér á landi, og myndir hans vekja

Haustsýning FÍM

Vandamál FÍM

Það mun mála sannast, að FÍM hefur ekki fitnað í eyðimerkurgöngunni miklu frá Listamannaskálanum gamla inni Laugarnes. Í bréfi er fylgdi boðskortum (að minnsta kosti til undirritaðs) segir á þessa leið, m.a.:

„Félag íslenskra myndlistarmanna hefur ákveðið að bjóða áhugamönnum um myndlist að gerast styrktarfélagar FÍM.

Nöfn styrktarféлага munu framvegis birtast í sýningar-skrá haustsýningar. Styrktarfélagar fá ókeypis aðgang að samsýningum félagsins, og kaupi þeir þar myndverk gegn staðgreiðslu fá þeir 10% afslátt

1979

lagsins yfirleitt góður, — en nóg um það.

Það er ekki venja að fjalla um innanfélagsmál listamanna í gagnrýni um sýningar, en félagið býður upp á slíkt, þar eð gagnrýnendum og gestum er óneitanlega blandað í þessi mál með fylgibréfi og yfirlýsingum í sýningarskrá.

Vonbrigði og gleði.

Það skal strax játað, að haustsýning FÍM að þessu sinni veld-

a.m.k. athygli á óplægðum akri í myndefni.

Gunnar Örn sýnir á sér nýja hlið, þrást að hreinum realisma, en myndirnar hafa ekki sama kraft og þær höfðu áður. Hann lætur því nokkuð af sjálfstaði sínu fyrir bragðið.

Hringur Jóhannesson sýnir ollupastel, blíðan leik með ljósi og formum, og að lokum skal minnst á að Jóhannes Jóhannesson á þarna þrjár mjög góðar myndir, sem sýnir okkur, eða minnir okkur óþyrmelega á, að okkar elstu og bestu menn sniðganga FÍM sýningarnar gjör-samlega, en á því verður að verða breyting, ef FÍM sýningarnar eiga að verða það sem þeim er ætlað, eða ef þeim er



frá félaginu. Ennfremur er ætlunin að efna árlega til happdrættis fyrir styrktarféлага, þar sem dregið verður um myndverk úr safni félagsins.

Argjald styrktarféлага er kr. 30.000.00, sem greiðist eftirlitsmanni haustsýningar að Kjarvalsstöðum um sýningartímann, og mun kvittun fyrst um sinn gilda sem skilræmi.

Í sýningarskrá, segir formaður félagsins þetta:

„A Kjarvalsstöðum njóta sín viðamikil verk og stórar sýningar, en smærri sýningarsalir eru einnig nauðsynlegir. FÍM réðist í það stórræði fyrir tveimur árum að festa kaup á húsnæði þar sem rekinn er lítill sýningarsalur og félagið heldur fundi sína. Þessi fjárfesting var nauðsynleg, en hún er afar erfið févana félagi. Þess vegna gerir FÍM nú tilraun til þess að fá áhugamenn um myndlist til þess að gerast styrktarfélagar og stuðla þannig að því að hvers konar myndlist fái notið sín við sem bestar aðstæður.“

Við þetta er ekki öðru að bæta en því, að það virðist harla ein-kennilegt að félag, sem er svo að segja lokað fyrir nýjum meðlimum, nema þeir falli að geðþótta stefnu ákveðinna manna, skuli nú óska eftir styrktarmeðlimum, og maður hlýtur að spyrja, hvers vegna fer FÍM ekki svipaðar leiðir og önnur samtök listamanna, t.d. Rithöfundasamband Íslands og opnar félagið — opnar það fyrir myndlistarmönnum í stað þess að hvetja almenning til þess að efla klausturlíf félagsins, sem

ur dálitlum vonbrigðum. Kostir hennar eru ný andlit, nýir menn — utan félags og innan — eru með verk á sýningunni, en flestir áhugaverðustu og þekktustu málara okkar sniðganga hana sem oft áður. Það veldur vonbrigðum. Það vantar því vissan burðarás í þessa sýningu, en auk þess er líklega of lítið pláss í vestursalnum fyrir orrakistu íslenskrar myndlistar. Sem heild er sýningin því ekki mjög áhugaverð, þrátt fyrir einstaka góða hluti. En víkjum þá að myndunum, hvað undirrituðum þótti athyglisverðast.

Agúst Petersen á þarna fjórar myndir. Agúst hefur mótað sinn stíl á markvissan hátt og myndir hans vekja ávallt sérstaka athygli. Þá þóttu mér myndir eftir Brynhildi Ósk. Gísladóttur vel málaðar. Að visu eru þessar myndir nokkuð yfirborðskenndar frá vissu sjónarmiði, en þarna er vel haldið á pensli, og einkar merkilegt hvað hún kemst vel af með finlega vinnu á þetta grófan striga.

Þá hafði ég gaman af myndum Egils Eðvarðssonar, sem eru óvenju vel gerðar, en samt frjálst og leikandi spil. Einar Þorláksson boðar ný tíðindi og myndir hans hafa fengið aukinn styrkleika og eru persónulegri (ólikari öðru) en hann hefur sýnt til þessa.

Eiríkur Smith hefur tekið miklum stakkaskiptum. Það væri of mikil einföldun að segja að hann væri með „vatnslita-myndir“ málaðar með ölu, en það er sem kunnugt er algengt

ætlað það hlutverk sem minnst var á hér að framan.

Hlutur myndhöggvara er smár að vöxtum, og kannski er það skiljanlegt, þar eð þeir hafa flestir sýnt myndir alveg nýver-ið.

Þá vil ég að lokum aðeins minnst á tvær glermyndir Leifs Breiðfjörðs er fagna mönnum við innganginn... Þær eru ákaflega vel gerðar og sýna nýja hlið á glerverki þessa ágæta listamanns.

Hver er staða myndlistarinnar?


Ef reynt er að einfalda fyrir sér hlutina, þá virðist það ein-kenni þessarar sýningar, að hún sýnir hvorki stöðu íslenskrar myndlistar, stöðu FÍM manna, né heldur hvað aðrir — eða utangarðsmenn — hafa að segja. Mér er tjáð, að kjallari Kjarvalsstaða sé fullur af myndlistarverkum, sem ekki var unnt að taka með, og sýningarnefndin fjallaði um. Það hljóta að vera slæmar myndir, ef borið er saman við það sem upp á veggina fór.

Í sýningarnefnd FÍM eru: Örn Þorsteinsson, formaður Björgvin Sigurgeir Haraldss. ritari Guðbergur Auðunsson Gunnar Örn Gunnarsson Gunnlaugur Stefán Gíslason Hringur Jóhannesson Jónína Guðadóttir Magnús Kjartansson Snorri Sveinn Friðrikss. Valgerður Bergsdóttir Formaður FÍM er Sigrún Guðjónsdóttir.

Jónas Guðmundsson

Sumarleyfi og síðan blaðaverkfall urðu til þess að undirritaður er seint á ferðinni með þennan pistil um soveska daga, en undanfarin ár hefur vináttufélag við Sovétríkin MÍR tekið fyrir hvert sovét-lyðveldið af öðru, fengið dansara söngvara og hverskonar listafólk hingað. Tólkandi list, svosem pianóleikur, einsöngur og dans, er mjög í hávegum höfð, í Sovétríkjunum því orðið er ekki laust og málning fer oft eftir forskrift, þ.e. tengist pólitískum mefnaði meira en svokölluðu frelsi. Orð verða ekki aftur tekin og íþægi-legar hugmyndir er unnt að mála, en nóg um það.

Þessir sovésku dagar hafa oft verið ánægjulegir, þótt oft þeir minni á fangaskemmtanir, samanber, þegar sovétlyðveldi



Jónas Guðmundsson:

Sovéskir dagar

Eystrasaltslandanna koma hingað. Yfir svoleiðis lyðveldum er ávallt einhver sársauki, sem tengist sögunni. Hann er sömu ættar og þegar Kólmus sýndi Indíána við hirðina og Hans Egede sýndi Grænland- inga fyrst við dönsku hirðina.

Ekki er samt ætlunin að ræða stjórnmál í Sovétríkjunum hér í þættinum, en á þetta er minnst, vegna þess að list og frjálsræði verða helst að hafa samfylgd, ef vel á að vera.

Meðal efnis í nýliðnum sovéskum dögum, var listsýning frá Kazakhstan haldin að Kjarvalsstöðum. Mjög áhuga-verð sýning.

Kazakhstan á Kjarvalsstöðum

Rússar segja þetta um málið: „Fyrir Októberbyltinguna 1917 var myndlistarsköpun íbúa Kazakhstan takmörkuð við svokallaða nytjalist, þ.e. gerð hagnýtra hluta til nota í daglegu lífi og starfi hirðingjapjóðar. Með breyttum þjóðfélags- og atvinnuháttum og nýjum viðhorfum í kjölfar byltingarinnar var rutt úr vegi þeim höftum sem stöðu myndlistinni í þessu Mið-Asíu-landi fyrir þrifum, svo sem gerðu kreddur og fyrirmæli íslamskrar strangtrúar er leggja blátt bann við hverskonar

myndeftingerð lifandi hluta. Myndlist í þröngum skilningi orðsins á sér því innan við 60 ára sögu í Kazakhstan. En á þessu tímabili hafa komið fram margir ágætir listamenn og eru verk eins þeirra, E. Sidorkins lítilega kynnt hér á sýningunni.

Evgeni M. Sidorkin er fæddur á árinu 1930. Hann lauk námi við Myndlistarskóla Kazakhstan 1951 og 1957 útskrifaðist hann frá svartlistardeild Stofnunar málara-, höggmynda- og bygg-ingarlistar sem kennd er við hinn fræga rússneska málara Repin. Sidorkin hefur verið félagi í Sambandi sovéskra myndlistarmanna frá árinu 1958, hann hefur hlotið ríkis-verðlaun Kazakhstan og sámdarheitíð heiðurslistamaður sovétlyðveldisins. Verk Sidorkins hafa verið sýnd á fjölmörgum sýningum í Sovét-Kazakhstan og víðar í Sovétríkjunum og utan þeirra.

Þjóðsögur og sagnaljóð alþýðu manna í Kazakhstan hafa löngum verið og eru E. Sidorkin mjög hugleikið viðfangs-efni og óþrjótandi uppspretta listsköpunar. Hér eru sýndar 14 slíkar þjóðsagnamyndir og hefur listamaðurinn sjálfur annast prentun þeirra.“

Ég held að þarna sé dálitill misskilningur á ferðinni. Mynd-



myndlist

